



# Tækjategygging

Skilmáli nr. EE14

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. EE14.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

**Tækjategygging** er eingöngu í boði hjá þeim söluaðilum sem hafa gert samning við VÍS um trygginguna.

**Skilmáli** segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. **Skírteini** staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

## 1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin tekur til þess tækis sem er skráð í skírteini.

## 2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi tækisins við töku tryggingarinnar er tryggður og sá sem síðar kann að eignast það á löglegan hátt á tryggingartímabilinu.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í hinu tryggða eru ekki meðváttryggðir í skilningi laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir hvar sem er.

## 4. Hvað bætir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin bætir beint tjón á hinu tryggða af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks.
- 4.2 Tryggingin bætir beint tjón á hinu tryggða af völdum innri bilunar.

## 5. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 5.1 Tryggingin bætir ekki:
- a) Tjón sem orsakast af hita og/eða rakabreytingum.
  - b) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits vegna notkunar, ryðs og tæringar.
  - c) Tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins tryggða.
  - d) Tjón sem verða við viðgerð eða viðhald.
  - e) Tjón vegna tapaðra eða skemmdra gagna og/eða hugbúnaðar.
  - f) Tjón sem framleiðandi, seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
  - g) Tjón vegna mynddepilsbreytinga (pixel) ef það rýrir ekki notagildi hins tryggða.
  - h) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

## 6. Varúðarreglur

- 6.1 Tryggður skal fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, uppsetningu, notkun og viðhald hins tryggða.
- 6.2 Tryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa húbýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hið tryggða er skilið eftir.
- 6.3 Tryggður skal ekki skilja við hið tryggða eftirlitslaust á almannafæri og gæta þess að taka það með þegar staður er yfirgefinn.
- 6.4 Tryggður skal hafa vitneskju um hvar hið tryggða er staðsett á hverjum tíma.



## 7. Háttsemi annarra

- 7.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur VÍS sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka tryggðs og aðila sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.<sup>1</sup>
- 7.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og umsjónarmanns tryggðs munar.

## 8. Greiðsla fyrir tryggingu

- 8.1 Trygging skal greidd hjá söluaðila tækisins um leið og tækið er keypt.
- 8.2 Tryggingin öðlast ekki gildi nema greitt sé fyrir hana.

## 9. Tryggingarfjárhæð

- 9.1 Tryggingarfjárhæð skal nema kaupverði tækisins þegar það er keypt.
- 9.2 Upphæð tryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna tryggðu hagsmuna.

## 10. Ákvörðun bóta

- 10.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýju tæki, sambærilegu því sem skemmdist.
- 10.2 Ef unnt er að gera við tækið þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað tækinu til viðgerðar hjá viðgerðaraðila sem það samþykkir og greitt viðgerðarkostnað.
- 10.3 Ef ekki er unnt að gera við tækið eða það borgar sig ekki að mati VÍS getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað nýtt tæki, sömu tegundar og gerðar, ef það er ekki hægt, þá með samsvarandi nýju tæki. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til tækisins sem skemmdist.
- 10.4 Þrátt fyrir ákvæði í gr. 10.1 er VÍS heimilt að afskrifa verðmæti tækis um 15% á ári eftir að tækið er orðið 3 ára.
- 10.5 Áður en bætur eru ákvarðaðar verður tryggt að framvísa ábyrgðarskírteini vegna tryggðs tækis.

## 11. Lok tryggingar

- 11.1 Tryggingin fellur sjálfkrafa niður við lok tryggingartímabils sem tilgreint er í skírteini eða þegar VÍS hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 11.2 Trygging þessi er keypt fyrir tiltekið tryggingartímabil og getur tryggingartaki ekki sagt upp tryggingunni á tryggingartímanum.
- 11.3 VÍS endurgreiðir ekki trygginguna þegar það hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón, eða vegna sölu tækisins enda fylgir tryggingin tækinu, sbr. gr. 2.1.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**

<sup>1</sup> Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.